

Alþingi
Erindi nr. P 138/800
komudagur 18.12.2009



Reykjavík 18. desember 2009

Til nefndarsvið Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. Þskj. 262 – 233. mál á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Stjórnendur Mímis-símenntunar fagna þessu frumvarpi og hafa ekki efnislegar athugasemdir við ákveðnar greinar þess. Það er mat okkar að frumvarpið muni styrkja stöðu markhóps okkar sem er fólk með stutta formlega skólagöngu til þess að sækja sér frekari menntun.

Í greinagerð frumvarpsins er minnst á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2007 um að stefnt verði að því að ekki verði fleiri en sem nemur 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs-eða framhaldsskólamenntunar ári 2020. Undirrituð vill vekja sérstaka athygli á að þær aðferðir sem Hagstofan notar til að meta nám mæla nánast ekkert af þeim námskrám sem við hjá Mími-símenntun og aðrar símenntunarmiðstöðvar á landinu kennum eftir. Það er ákaflega mikilvægt að þetta sé skoðað í samhengi og að unnið verði að því að skilgreina hvernig markmiðum skuli náð og hvernig árangur verði metinn.

Með góðri kveðju

Hulda Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri